

REGLUGERÐ

um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum um Ísland. Jafnframt er markmiðið að kveða á um kröfur um skráningu og viðhald lýsigagna fyrir stafrænar landupplýsingar og landupplýsingaþjónustu.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til stafrænna landupplýsinga sem eru í eigu eða á vegum stjórnvalda og varða íslenskt land, landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

Reglugerð þessi tekur einnig til stafrænna landupplýsinga í eigu eða á vegum lögaðila sem falla undir ákvæði b- og c-liðar 3. tölul. 3. gr. að svo miklu leyti sem þær verða til eða er aflað í tilefni af hinu opinbera hlutverki þeirra eða þjónustu.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á höfundarétt stjórnvalda að landupplýsingum sem falla undir reglugerðina.

Stafrænar landupplýsingar í eigu annarra en reglugerð þessi tekur til falla undir reglugerð þessa hafi eigandi þeirra fengið leyfi til að tengja þær við landupplýsingagátt, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 44/2011, um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

Séu til mörg samsvarandi eintök af sömu gögnum nær reglugerðin einungis til upprunalegrar útgáfu þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar*: Tækni, stefnur, staðlar og mannaauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.
2. *Landupplýsingar*: Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.
3. *Stjórnvöld*:
 - a. Öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga.
 - b. Lögaðili sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir a-lið.
 - c. Lögaðili sem gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lýtur stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir a-lið. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. a-lið tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.
4. *Lýsigögn*: Upplýsingar um gögn og/eða þjónustu eða lýsing einkenna gagnasafna, svo sem innihalds, eiginleika eða ástands.
5. *Samhæfni*: Hæfni tveggja eða fleiri kerfa eða gagnasafna til samtengdrar vinnslu.
6. *Landupplýsingagátt*: Vefsetur sem veitir aðgang að stafrænum landupplýsingum og tengdri þjónustu.

4. gr.

Hlutverk Landmælinga Íslands.

Landmælingar Íslands fara með framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Lýsigögn.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn fyrir þær stafrænu landupplýsingar og vefþjónustu sem þau eiga, reka eða varðveita. Uppfæra skal lýsigögnin ef breytingar verða á gögnunum eða ný gögn bætast við.

Stjórnvöld skulu leggja fram lýsigögn skv. 1. mgr. í samræmi við þær kröfur um skráningu og viðhald lýsigagna fyrir stafrænar landupplýsingar og landupplýsingaþjónustu sem fram koma í 6. gr.

6. gr.

Gildistaka reglugerðar Evrópusambandsins.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2007/2 um notkun og miðlun landupplýsinga, að því er varðar lýsigögn, sem vísað er til í lið 1ja í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2010 frá 20. nóvember 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 40 frá 14. júlí 2011, 2011/EES/40/06, bls. 65-83.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í b-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 44/2001, um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 27. apríl 2012.

Svandís Svavarsdóttir.

Magnús Jóhannesson.